

Nd.

380. Breytingartillaga

[138. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt skal, samkvæmt tillögum landlæknis, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverju læknastúdentum námslaun, er nægi þeim til lífsframfæris, meðan þeir stunda nám í læknadeild, gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að afloknu námi. Nánari ákvæði um námslaun þessi skal setja í reglugerð. Er og heimilt, ef þörf þykir, að hafa þar ákvæði til þess að tryggja á sama hátt sjúkrasamlagslækna.